**140. löggjafarþing 2011–2012.**
**Þingskjal 281 — 263. mál.**

# Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um afla
krókaaflamarksbáta og aflamarksskipa.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var heildarveiði aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta á síðustu sex fiskveiðiárum af þorski, ýsu, ufsa og steinbít, annars vegar í tonnum talið og hins vegar hlutfallslega?
2. Hvert var úthlutað aflamark aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta á síðustu sex fiskveiðiárum í þorski, ýsu, ufsa og steinbít, annars vegar í tonnum talið og hins vegar hlutfallslega?
3. Hversu mikið aflamark í einstökum fisktegundum var flutt frá aflamarksskipum til krókaaflamarksbáta á síðustu sex fiskveiðiárum og hvernig skiptist það á milli sveitarfélaga?

**Skriflegt svar óskast.**